Svar við bréfi VR, LÍV og Fagfélaganna til Rarik frá 10. september 2026

Ágætu formenn VR, LÍV og RSÍ

Stjórn Rarik barst bréf ykkar dags. 10. september 2026 með óskum um upplýsingar um hvað Rarik væri tilbúið til að leggja af mörkum til að ná niður verðbólgu og vöxtum.

Fyrst ber að afsaka seint svar. Gjaldskrá er á starfsáætlun stjórnar tvisvar á ári og á þeim fundum eru samþykktar gjaldskrárbreytingar sem alla jafna taka til næstu 6 mánaða. Stjórn tók gjaldskrá til umræðu á fundi sínum 2. október sl. og samþykkti breytingar sem tóku gildi 1. nóvember. Raforkueftirlitið samþykkir gjaldskrár Rarik fyrir dreifingu rafmagns og Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið samþykkir gjaldskrár hitaveitu.

Hlutverk Rarik, gjaldskrá og tekjumörk

Starfsemi Rarik er lögbundin sérleyfisstarfsemi og lýtur tekjumörkum sem ákvörðuð eru af Raforkueftirlitinu á grundvelli raforkulaga. Tekjumörkin skilgreina glugga um tekjur, neðri mörk til að tryggja rekstrarhæfi og efri mörk sem leyfðar hámarkstekjur. Tekjumörkin taka mið af rekstrarkostnaði og fjárfestingum og eru ákvörðuð til fimm ára í senn.

Hlutverk Rarik er að auka verðmætasköpun og lífsgæði viðskiptavina með öruggri afhendingu á endurnýjanlegri orku og samfélagslega ábyrgum rekstri. Rarik rekur víðfeðmasta dreifikerfi landsins og mikil fjárfestingarþörf hefur verið og verður um sinn í dreifikerfi fyrirtækisins til að takast á við orkuskipti og til að styðja við atvinnulíf og skapa tækifæri á starfssvæði fyrirtækisins, sem er allt á landsbyggðinni. Rarik, sem er opinbert hlutafélag, nýtur ekki annarra fjármuna til rekstrar og fjárfestinga en þeirra tekna sem aflað er í gegnum gjaldskrár. Mikilvægt er að hafa þetta í huga, þ.e. að niðurskurður tekna Rarik þýðir minni og hægari uppbyggingu og þróun dreifikerfisins.

Gjaldskrárbreytingar samþykktar á fundi stjórnar 2. október 2026

Á fundi sínum 2. október samþykkti stjórn hækkun á almennri gjaldskrá fyrir dreifingu raforku um 2,5%. Breytingin hefur tekið gildi frá 1. nóvember 2026. **Gjaldskrá verður ekki endurskoðuð að nýju fyrr en í nóvember 2027.**

Undir eðlilegum kringumstæðum hefði verið horft til þróunar verðlags og nýtingu tekjumarka. M.v. verðlagsforsendur og spár hefðu þau sjónarmið kallað á, áætlað, 5,5% heildarhækkun á árinu 2027. Að teknu tilliti til tekjumarka er enn meiri þrýstingur en það á gjaldskrá í dreifbýli. Stjórn fellur frá þessum viðmiðum og stillir hækkun ársins til samræmis við verðbólgumarkmið Seðlabankans eða 2,5%. Skv. starfsáætlun er breyting á gjaldskrá næst til umræðu fyrir maí 2027 en stjórn fellur frá þeirri endurskoðun.

Stjórn samþykkti jafnframt breytingu á innmötunargjaldskrá sem gerir framleiðendum eigin orku (t.d. birtuorku) auðveldara að framleiða orku inn á dreifikerfið og fá greitt fyrir orkuna. Ný innmötunargjaldskrá er ódýrari en sú sem fyrir var fyrir vinnslueiningar undir 100 kW (fastagjald lækkar umtalsvert og verður skv. almennri gjaldskrá).

Rarik rekur fjórar hitaveitur á landsbyggðinni, á Höfn, Siglufirði, í Dalabyggð og í Húnabyggð. Stjórn samþykkti eftirtaldar breytingar á hitaveitugjaldskrám:

- Engin hækkun á Höfn.
- Engin hækkun fastagjalds í Dalabyggð og Húnabyggð en 2,5% hækkun orkugjalds (heildarhækkun 2,0%).
- 2,5% hækkun fastagjalds og orkugjalds á Siglufirði (heildarhækkun 2,5%).

Hér hefur einnig verið horft til verðbólgumarkmiðs Seðlabankans.

Spurningarnar

- Rarik heldur aftur verðhækkunum sbr. ofangreint. Eigandinn setur félaginu arðsemiskröfu, skv. arðsemisstefnu, og Rarik tekur ekki einhliða ákvörðun um hana. Ljóst er hins vegar að gjaldskrárhækkanir sem ekki fylgja verðlagi eða nýta tekjumörk munu minnka arðsemi.
- Orkuskipti og endurnýjun dreifikerfis til að viðhalda og bæta samkeppnishæfni landsbyggðar kallar á miklar fjárfestingar. Ekki er tækifæri til að lækka verð (draga fyrri hækkanir til baka).
- Spurningin snýst væntanlega um þróun gjaldskrár? Tekin hefur verið ákvörðun um 2,5% hækkun til næstu 12 mánaða. Ný gjaldskrárákvörðun verður tekin fyrir nóvember 2027 sem gildir þá næstu 6 mánuði eftir það. Ákvörðun þá mun taka mið af aðstæðum á þeim tíma en það er ávallt markmiðið að ná árangri í rekstrarkostnaði og á sama tíma að viðhalda nauðsynlegu framkvæmdastigi án þess að þrýstingur á gjaldskrár verði óeðlilegur eða umfram verðlagsþróun.
- Eins og áður er sagt lýtur starfsemi Rarik tekjumörkum sem sett eru af Raforkueftirlitinu og ber fyrirtækinu að stilla gjaldskrár innan ramma tekjumarka. Hagræðing, aukin framleiðni og lækkun aðfangakostnaðar hefur áhrif á tekjumörk og þannig bein áhrif á gjaldskrár. Tæknibreytingar eru nefndar í þessu samhengi einnig. Miklar tæknibreytingar eiga sér stað í orkugeiranum. Þessar breytingar kalla á fjárfestingar til skemmri tíma, sem skapar gjaldskrárþrýsting til hækkunar, en skila sér í lægri rekstrarkostnaði til lengri tíma, sem skila sér í minni þrýstingi á gjaldskrár.

Rarik gaf út ítarlega fréttatilkynningu um gjaldskrárbreytingar sem tóku gildi frá og með 1. nóvember og er hana að finna á heimasíðu félagsins: Rarik - Fréttir - Við takmörkum gjaldskrárhækkanir við 2,5% í eitt ár

Með vinsemd og virðingu,

Magnús Þór Ásmundsson, forstjóri
f.h. stjórnar Rarik